



NÆSTA SKREF

Þótt fyrir liggja heimild félaganna til að skoða kosti og galla sameiningar, teljum við - formenn Samstöðu, Öldunnar og Verslunarmannafélags Skagafjarðar - rétt að kanna vilja félagsfólks til þess að unnið verði áfram að málinu. Næstu skref í því sambandi væri að skrifa drög að lögum og reglugerðum nýs sameinaðs félags. Niðurstaða þeirrar vinnu yrði síðan lögð fyrir félagsmenn, í samræmi við lög hvers félags, til samþykktar eða synjunar.

Ákveðið hefur verið að efna til atkvæðagreiðslu á vefnum um viljann í hverju félagi fyrir sig. Ef meirihluti í a.m.k. tveimur félaganna er hlynntur áframhaldi viðræðna, halda þau tvö félög áfram viðræðum og öll þrjú ef meirihluti er hlynntur í öllum félögum. Sé meirihluti félaga í tveimur félaganna andvígur verður ekki af frekari viðræðum.

Atkvæðagreiðslan fer fram á heimasíðu hvers félags, dagana 21. til 28. maí. Til þess að taka þátt, þarf félagsmaður að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.

Heimasíður félaganna:

Aldan
Stéttarfélag
www.aldan.is



Stéttarfélagið
Samstaða
www.samstada.is



Verslunarmannafélag
Skagafjarðar
www.vmf.is



Kynningarbréf um sameiningarviðræður Öldunnar, Samstöðu og Verslunarmannafélags Skagafjarðar

Formenn Samstöðu, Öldunnar og Verslunarmannafélags Skagafjarðar hafa unnið saman að því að kanna hvort fýsilegt sé að sameina félögin þrjú. Þetta hefur verið gert með fullri vitund og samþykki stjórna viðkomandi félaga.

The content of the following information brochure regarding the possible merger of trade unions is available in its entirety in English on the websites of the trade unions.

Treść poniższej broszury informacyjnej dotyczącej możliwego połączenia związków zawodowych jest w całości dostępna w języku polskim na stronach internetowych związków zawodowych.

Útgangspunktur í viðræðunum var að ef af sameiningu yrði, þá yrði nýtt félag öflugra baráttutæki félagsmanna, stöndugra fjárhagslega og hefði bolmagn til að veita meiri og betri þjónustu en félögin hvert í sínu lagi. Þannig var t.d. gert ráð fyrir því að starfsstöðvum yrði ekki fækkað, allt núverandi starfsfólk héldi vinnunni, þótt eðlilega gæti þurft að stokka upp viðfangsefni og verkaskiptingu.

Gengið var út frá því að flest félagsfólk ætti að finna fyrir ávinningi af sameiningu, en ekki að það væri að tapa einhverju. Þannig er gert ráð fyrir því að félagar eigi að finna fyrir aukinni fjölbreytni hvað varðar orlofskosti, styrki og síðast en ekki síst, enn betri þjónustu.

NÝTT DEILDASKIPT FÉLAG Á GÖMLUM GRUNNI

Öll félögin þrjú eru byggð á gömlum grunni og bæði Aldan og Samstaða hafa áður gengið í gegnum árangursríkar sameiningar. Stærri félög eru sterkara afl og hafa sterkari rödd. Þetta gildir um þau stóru, öflugu verkalyðsfélög vítt og breitt um landið, sem eru til komin vegna sameininga.

Verði sameining samþykkt, verður til nýtt deildaskipt félag sem nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjörð og Bæjarhrepp. Í félaginu verða almenn deild, verslunarmannadeild, sjómannadeild, iðnaðarmannadeild og deild starfsfólks ríkis og sveitarfélaga. Félagsmenn verða um það bil 5.000. Skrifstofur verða á Blönduósi, Sauðárkróki og Hvammstanga. Engin áform eru um að fækka þeim, eða starfsfólki. Þess í stað hefur verið rætt um að stærra félag hafi frekar bolmagn til að efla starfsmannahópinn.

ORLOFSKOSTIR

Verði af sameiningu munu félagsmenn hafa aðgang að fjórum íbúðum í Reykjavík, tveimur orlofshúsum að Illugastöðum í Fnjóskadal, orlofshúsum í Varmahlíð, Borg í Grímsnesi, Ölfusborgum og að hluta til í íbúð á Spáni. Jafnframt eru í boði útilegukort og veiðikort, auk niðurgreiddrar gistingar innanlands.

SJÚKRASJÓÐUR

Eitt stærsta málið við skoðun á kostum og göllum sameiningar félaganna var yfirferð yfir fjárhag og reglugerðir félaganna. Tryggingastærðfræðingur var fenginn til að meta getu sjóðanna. Almenn niðurstaða þeirrar athugunar var að sameinaður sjóður eigi vel að standa undir skuldbindingum, meðal annars vegna þess að aukinn fjöldi greiðenda dreifir áhættu og dregur úr hættu á áföllum. Niðurstaða úttektarinnar var að þetta gildi jafnvel þótt styrkir yrðu jafnaðir upp á við, þ.e. við það sem best er hjá þessum þremur sjóðum í dag.

FRÆDSLUMÁL

Hver félagsmaður hefði í sameinuðu félagi aðgang að fræðslusjóði í gegnum kjarasamning viðkomandi félagsmanns, líkt og í dag. Sjóðirnir eru eftirfarandi: Starfsmennt, Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt, Sjómennt og lðan.

Til viðbótar við aðgang félagsmanna að fræðslusjóðum í gegnum viðkomandi kjarasamning, er vilji til að auka beint fræðslustarf á vegum nýs félags. Þar yrði ekki síst horft til námskeiða sem væru sérstaklega sniðin að þörfum einstakra hópa félagsmanna á félagssvæðinu.